

Alþingi
Erindi nr. P 127/2324
komudagur 19.8.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2002
KG/KSG/061/02


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð 707. mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök Lýðheilsustöð, fyrst og fremst til að vera frumkvöðull og samræmingarafl í lýðheilsustarfi, þ.e. í heilsuefningu og forvörnum ýmis konar þar sem m.e. áfengis- og vímuvarnarráð, manneldisráð, slysavarnarráð og tóbaksvarnarráð verða gerð að sérfræðiráðum Lýðheilsustöðvar. Árlegur viðbótarkostnaður er áætlaður kr. 18 milljónir auk kr. 5 milljóna stofnkostnaðar.

Með tilliti til betri og betri stjórnsýslu á sviði forvarna verður að telja málið gott en í forgangs röðun heilbrigðis- og tryggingamála ætti það naumast að vera mjög framarlega.

Efni frumvarpsins snertir ekki starfsemi Tryggingastofnunar og eru því ekki gerðar efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,


Karl Steinar Guðnason
forstjóri